

Fimmtudaginn 1. október 1964.

Nr. 3/1964. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h.**

Hauks Jóhannessonar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jón Þorsteinsson hdl.).

**Dómarar: Hákon Guðmundsson,
Ragnar Jónsson, Bjarni K.
Bjarnason, Einar B. Guðmunds-
son og Theodór B. Líndal.**

Skýrð ákvæði Kjaradóms um vökuvinnu og yfirvinnu.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi samkvæmt 25. gr. sbr. 21. gr. laga nr. 55/1962 af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Hauks Jóhannessonar, símrítara, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 29. júní þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- 1) að dæmt verði, að Haukur Jóhannesson eigi, þegar hann vinnur vökuvinnu í þágu radióflugþjónustunnar, rétt til 33% álagsgreiðslu á kaup sitt fyrir matartímann kl. 12.00—13.00.
- 2) að dæmt verði, að nefndur Haukur eigi, er hann vinnur yfirvinnu í þágu radióflugþjónustunnar, rétt til næturvinnugreiðslu fyrir þann tíma, sem fer fram úr 2 klst., þótt yfirvinnan sé unnin á tímabilinu milli kl. 08.00 og 19.00.

Þá krefst stefnandi og málskostnaður úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Atvik máls þessa eru þau, að Haukur Jóhannesson, sem nú starfar hjá radióflugþjónustunni og þiggur laun eftir 12. flokki launastiga starfsmanna ríkisins, vinnur á

reglubundnum vinnuvökum. Er þeim þannig fyrir komið, að þær falla á tímabilin kl. 08.00 til 14.00, kl. 14.00 til 22.00 og kl. 22.00 til 08.00. Þegar Haukur vinnur á morgunvöku kl. 08.00 til kl. 14.00 fellur matartíminn, sbr. 5. gr. kjaradóms frá 3. júlí 1963, kl. 12.00 til 13.00 inn í vinnuvökuna, og hefur hann eigi fengið neina auka-greiðslu fyrir þá vinnustund, en til hennar telur hann sig eiga rétt.

Á annan stað kemur það fyrir, að Haukur verður að vinna yfirvinnu. Falli sú yfirvinna á tímabilið frá kl. 08.00 til kl. 19.00 hefur hann fengið venjulegt eftirvinnukaup fyrir allar yfirvinnustundirnar á nefndu tímabili. Hann telur hins vegar, að vinni hann fleiri en tvær yfirvinnustundir eigi hann að fá eftirvinnukaup fyrir tvær fyrstu stundirnar utan vinnuvöku sinnar, en því næst næturvinnukaup fyrir hverja stund, enda þótt vinnan fari fram á áður nefndu tímabili, þ. e. milli kl. 08.00 og kl. 19.00.

Kröfu sína um kaupálag fyrir matartímann kl. 12.00 til 13.00 styður stefnandi þeim rökum, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. Kjaradóms skuli matartímar, „eftir því sem verður við komið vera frá kl. 12.00 til kl. 13.00, kl. 19.00 til kl. 20.00 og kl. 03.00 til kl. 04.00 og teljast þeir eigi til venjulegs vinnutíma“. En samkv. 2. mgr. 11. gr. skulu þeir, „sem vinna á reglubundnum vinnuvökum ... fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma“. Þar sem matartími teljist þannig eigi til venjulegs vinnutíma beri að greiða aukaálag fyrir hann, en í vökuvinnu fái menn eigi sérstakan tíma til matar, enda þótt matartímar þeir, sem kjaradómurinn mælir fyrir um, falli inn í vökuna.

Fyrir öðrum kröfulið sínum færir stefnandi þau rök, að fyrir gildistöku dóms Kjaradóms hafi það verið viðtekin regla, að yfirvinnumenn ynnu aðeins takmarkaðan tíma í eftirvinnu, þ. e. 4 stundir, en sú vinna, er fram yfir þann tíma færi, væri greidd með næturvinnukaupi. Á þessu hafi verið gerð sú breyting með 2. mgr. 7. gr. nefnds dóms

3. júlí 1963, að nú skyldu til eftirvinnu teljast tvær fyrstu stundirnar eftir að tilskildum dagvinnu- eða vökuátíma lyki. Væri sá úrskurður í samræmi við kröfur aðilja fyrir Kjaradómi. Þessi regla leiddi þannig til þess, að Haukur Jóhannesson ætti rétt til næturvinnukaups fyrir þá yfirvinnu, sem hann ynni umfram tvær stundir, án tillits til þess, á hvaða tíma sólarhringsins sú vinna væri af hendi leyst.

Af hálfu stefnda er báðum kröfufólki stefnanda andmælt.

Að því er fyrri liðinn varðar byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að samkvæmt eldri reglum um vökuálagið, 33%, hafi það aðeins verið greitt á tímabilinu frá kl. 9 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Í samningaumlaitunum þeim, sem fram hafi farið áður en kjaramálin komu fyrir Kjaradóm, og í kröfugerð fyrir honum, hafi Kjararáð BSRB eigi gert neina kröfu um vökuálag eða aðra þóknun til handa vökuvinnufólki í matartímanum kl. 12.00 til 13.00. Verði því eigi lagður sá skiiningur í ákvæði dóms Kjaradóms, að hann veiti vökuvinnufólki rétt til sérstaks álags, þótt matartíminn kl. 12.00 til kl. 13.00, lendi í vinnuvöku.

Mótmæli sín gegn síðari kröfufólki stefnanda byggir stefndi á því, að í niðurlagi 2. mgr. 7. gr. kjaradóms frá 3. júlí 1963 sé kveðið á um það, að vinna sem sé innt af hendi í dagvinnutíma umfram vikulega vinnuskyldu skuli greidd með eftirvinnukaupi. Kveður hann, að þetta ákvæði hljóti m. a. að fela það í sér, að Hauki Jóhannessyni beri ekki nema eftirvinnukaup, þegar yfirvinna hans fer fram á dagvinnutímabili, enda þótt hún fari fram úr þeim tveimur stundum, sem upphaf 2. mgr. áðurgreindrar 7. gr. kjaradóms mælir fyrir um, að greiddast skuli með eftirvinnukaupi.

Um 1. kröfufólkið:

Í 4. mgr. 5. gr. kjaradóms frá 3. júlí 1963 segir m. a. svo: „... Þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvökum skulu ekki fá sérstaklega matar- eða kaffitíma, nema tíðkast hafi til þessa.“

Skýra verður þetta ákvæði á þá lund, að Haukur Jó-

hannesson, sem vinnur samkvæmt framansögðu á reglubundnum vinnuvökum, eigi ekki rétt til sérstakrar þóknunar, þótt matartímar samkvæmt 1. mgr. sömu greinar falli inn í vinnuvöku hans, nema slíkt fyrirkomulag hafi tíðkast fyrir uppsögn kjaradóms 3. júlí 1963. Eigi hafa gegn andmælum stefnda verið færðar sönnur á slíka venju. Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið stefnanda.

Um 2. kröfulið:

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. kjaradóms skulu „tvær fyrstu klukkustundirnar eftir að tilskildum dagvinnutíma eða vökutíma lýkur, þó ekki á tímabilinu frá kl. 19.00 til kl. 8.00“, teljast til eftirvinnu. Með tilliti til máflutnings aðilja, krafna þeirra fyrir Kjaradómi og orðalags framangreinds ákvæðis verður að skýra það á þá lund, að Haukur Jóhannesson eigi rétt til næturvinnukaups að lokinni tveggja stunda eftirvinnu frá lokum vinnuvöku hans, enda þótt sú vinna sé af hendi leyst á tímabilinu frá kl. 8.00 til kl. 19.00. Er þá og við það miðað, að eigi hefur verið sýnt fram á, að niðurlagsákvæði framangreindrar 2. mgr. 7. gr. „auk þess vinna, sem innt er af hendi á dagvinnutíma, umfram vikulega vinnutímaskyldu“ geti átt við þá vökuvinnu Hauks, sem um er fjallað í þessu máli. Ber samkvæmt þessu að taka þenna kröfulið stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

1. Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja vegna Hauks Jóhannessonar, um 33% álagsgreiðslu fyrir vinnu á því tímabili, er greinir í framangreindum 1. kröfulið hans.
2. Stefnda er skylt að greiða Hauki Jóhannessyni næturvinnukaup fyrir yfirvinnu, er hann leysir af hendi umfram 2 klukkustundir frá lokum tilskilins vökutímabils.

Málskostnaður fellur niður.